

421. fundur Framkvæmdarnefndar búvörusamninga var haldinn 9. mars 2017 kl. 10:00 í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir sátu fundinn:

Rebekka Hilmarsdóttir, formaður, Páll Rafnar Þorsteinsson aðstm. ráðherra, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ, Arnar Árnason, formaður LK og Katrín María Andrésdóttir, frkvstj. SG. Guðrún Ögmundsdóttir, sérfræðingur FJR var fjarverandi. Þá voru mættir Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu og Sigurður Eyþórsson, frkvstj. BÍ. Fundargerð ritaði Arnar Freyr Einarsson ANR.

Þetta var gert:

1. Lögð fram áætlun um verkefni og skipulag nefndarinnar árið 2017 til kynningar. Samþykkt að taka til umræðu á næsta fundi.
2. Tillaga að starfsreglum nefndarinnar skv. 31. gr. búvörolaga lögð fram til kynningar.
3. Lögð fram tillaga að fundaráætlun ársins 2017. Fundardagar í maí, ágúst og september verða endurskoðaðir og teknir fyrir á næsta fundi. Næsti fundur ákveðinn 27. apríl nk.
4. Tekið fyrir erindi Landssambands kúabænda (LK) dags. 8. mars 2017 um heimild til að ráðstafa framlögum af liðnum framleiðslujafnvægi skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt á milli ára, séu þeir ekki nýttir samkvæmt 6.1 gr. né á aðra liði á viðkomandi ári. Ákveðið að nefndin tæki saman minnisblað vegna erindisins og kannaði hvaða lagalegu heimildir væru til ráðstöfunar milli ára.
5. Tekið fyrir erindi Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins (RML) dags. 17. janúar 2017 um ráðstöfun framlaga til kynbótastarfs í nautgriparækt. Óskað er eftir því að 3% árlegra framlaga til kynbótastarfs samkvæmt samningi um starfsskilyrði í nautgriparækt verði ráðstafað til að mæta kostnaði vegna sameiginlegra verkefna í kynbótastarfi sem eru á ábyrgð RML þ.e. kvíguskoðun og val á kynbótagripum. Ráðstöfun þessi var staðfest.
6. Tekið fyrir erindi Samstarfsnefndar SAM og BÍ dags. 20. febrúar 2017 um ráðstöfun umfram mjólkur ársins 2016. Óskað var eftir heimild nefndarinnar til fyrir aðildarfélag SAM að flytja út mjólkurafurðir á árinu 2017 sem samsvara þeim 2.772.849 lítrum af mjólk, á fitugrunni, sem óráðstafað var af umfram mjólk ársins 2016. Ráðstöfun þessi var staðfest.
7. Tekið fyrir erindi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði dags. 21. október 2014 um ríkisstuðla til umreiknings á ráðstöfun mjólkur og mats á stærð innanlandsmarkaðar. Jafnframt var tekið fyrir erindi SAM dags. 13. febrúar 2017 um ríkisstuðla fyrir nýja vöru. Lagt var til að málið yrði skoðað nánar og lagt á það mat hvort ákvörðun um ríkisstuðla ætti að vera tekin af nefndinni. Ákveðið að taka málið fyrir á næsta fundi.
8. Lagt var fram lokauppgjör í garðyrkju fyrir árið 2016 skv. erindi Matvælastofnunar dags. 24. febrúar 2017 vegna beingreiðslna í garðyrkju. Alls

voru greiddar kr. 276.798.194. Beingreiðslur vegna ársins 2016 eru sem hér segir: gúrkur 54,11 kr./kg, paprika 210,43 kr./kg og tómatar 94,61 kr./kg. Lokauppgjör var staðfest.

9. Tekin var fyrir ráðstöfun fjármuna vegna innlausnar greiðslumarks í sauðfjárrækt skv. 3.8. gr. samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Ákveðið að formleg tillaga verði útbúin fyrir næsta fund og hún tekin fyrir þá.
10. Tekið fyrir erindi Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) dags. 22. febrúar 2017 vegna beiðni um breytingu á greiðslutilhögun v/mánaðarmóta febrúar-mars. Lagt var til að greiðsla til sauðfjárbænda 1. mars verði tvöföld og greiðsla 1. október felld niður á móti. Þar sem 1. mars var liðinn var ákveðið að skoðað yrði hvort unnt væri fyrir árið 2017 að tvöfalda greiðslur 1. apríl nk. og greiðsla í október falli niður. Breytingin hefur í för með sér breytingu á reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt og breytingu á greiðsluáætlun Matvælastofnunar vegna viðfangsefna á fjárlögum 2017 samkvæmt búvörusamningum. Tillaga LS samþykkt með fyrirvara um hvort náist að breyta reglugerð í tíma. Breytingar í samræmi við tillögu LS fyrir árið 2018 verði svo unnar samhliða vinnu við uppfærslu reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt síðar á árinu.
11. Önnur mál
 - a) Formaður lagði til að fundargerðir verði lagðar fyrir nefndina í tölvupósti á milli funda svo unnt sé að birta fundargerðir tímanlega. Tillagan samþykkt.
 - b) Rætt var um útfærslu fjárfestingarstuðnings í sauðfjárrækt sem kemur til framkvæmda árið 2018 og nýtingu stuðningsins til útrýmingar á frauðplasti til einangrunar m.a. í fjárhúsum.
 - c) Rætt var um athugasemdir um skilgreiningu hugtaksins nýliði við innlausn á greiðslumarki mjólkur. Lagt til að nefndin taki málið til frekari umræðu vegna uppfærslu á reglugerð um stuðning við nautgriparækt fyrir árið 2018.
 - d) Vakin var athygli á að greiðslur vegna gæðamats sláturafurða nautgripa samkvæmt reglugerð um stuðning við nautgriparækt muni miðast við EUROP matskerfið. Upplýst að reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða væri í umsagnarferli og samþykkt að taka málið til umræðu í nefndinni að nýju þegar drög reglugerðarinnar liggja fyrir.
 - e) Rætt var um skilgreiningu á hugtakinu nýliði varðandi nýliðunarstuðning samkvæmt rammasamningi og mismunun, hvort nýliðar hafi verið leigendur eða eigendur. Lagt var til að málið yrði skoðað nánar áður en nýliðunarstuðningur kemur til framkvæmda. BÍ tók að sér að óska eftir tillögum frá Samtökum ungra bænda (SUB) sem nefndin myndi fara yfir á næsta fundi sínum.
 - f) Rætt var um útfærslu vegna landgreiðslna og hvers konar staðfesting þurfi að liggja fyrir um nýtingu spildna í eigu annarra aðila, en óskað er stuðnings út á.
 - g) Rætt var um erindi Svínaræktarfélag Íslands dags. 6. mars sl. vegna athugasemda um reglugerð um stuðning við landbúnað. Erindinu er beint til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og málið til skoðunar hjá ráðuneytinu. Niðurstaða þeirrar skoðunar af hálfu ráðuneytisins og mögulegar breytingar á reglugerðinni verði kynntar nefndinni sérstaklega síðar.
 - h) Rætt var um athugasemdir sem fram höfðu komið af hálfu bænda vegna skilgreiningu á forgangshópum vegna innlausnar í greiðslumarki mjólkur.

- i) Rætt um aðilaskipti greiðslumarks milli lögbýla í eigu sama aðila og sýndarviðskipti til að komast hjá banni við sölu á greiðslumarki. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur beint því til samráðsnefndar um endurskoðun búvörusamninga að heimild þessi til aðilaskipta greiðslumarks milli lögbýla sama aðila verði skoðuð út frá heildarskoðun á greiðslumarkskerfi mjólkur. Nefndin óskaði þess við fulltrúa Matvælastofnunar að stofnunin tæki saman upplýsingar um framkvæmd innlausnar á greiðslumarki mjólkur í lok hvers árs ásamt yfirliti yfir þau aðilaskipti að greiðslumarki án innlausnar sem Matvælastofnun staðfestir og kynni nefndinni sérstaklega. Nefndarmenn sammála um að þetta mál verði sérstaklega rætt í nefndinni og kannað hvort gera þurfi breytingar á heimild í reglugerð um stuðning við nautgriparækt fyrir árið 2018.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 12:00.